



Starfsáætlun 2020-2021

Leikskólinn Vesturberg
Vesturbraut 15
230 Reykjanesbær
vesturberg@vesturberg.is

Starfsáætlun Vesturbergs skólaárið 2020-2021

Í ár líkt og önnur ár var Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011, menntastefna Reykjanesbæjar og að sjálfsgöðu okkar eigin stefna höfð að leiðarljósi við gerð starfsáætlunar. Þar sem skólaárið 2019-2020 fór á allt annan veg vegna heimsfaraldurs fóru þau markmið sem sett voru fyrir það skólaár fyrir ofan garð og neðan en eru í fullu gildi fyrir næstkomandi skólaár. Við höldum áfram að hafa trú á leiknum auk þess að efla læsi og stærðfræði í okkar flæði. Við erum spennt fyrir nýja verkefninu okkar í tengslum við Hugarfrelsi sem við höfum mikla trú á og horfum bjartsýnum augum á veturinn. Aðlögun nýrra barna hefur gengið vel og eru að klárast nú í þessum skrifuðu orðum.

Leikskólastarfið

Skólaárið 2020-2021

Í Vesturbergi er áframhaldandi vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla auk menntastefnu Reykjanesbæjar. Frá upphafi hefur aðaláherslan verið á hinn frjálsa leik og lítum við á barnið sem getumikinn einstakling sem hefur þörf fyrir ást, öryggi, hlýju og viðurkenningu hins fullorðna.

Í Vesturbergi eru lagðir inn einn til tveir bókstafir á viku í öllu húsinu. Sú aðferð hefur reynst vel og er bókstafurinn kynntur af Lubba sem finnur málbeinið á heimastofum en ítarlegri kennsla á bókstafnum fer fram í Pennahóp, sem inniheldur elstu nemendur leikskólans. Notast er við aðferðir Helgu Sigurjónsdóttur við innlögn bókstafa og hefur hennar aðferð gefið góða raun.

Áfram verður unnið með lðu einu sinni í viku en þar bjóða kennarar upp á dýpkun í efni á svæðum eins og til dæmis stærðfræði, læsi, vísindi, vettvangsferðir, sköpun og hreyfing.

Hljómsveit er á sínum stað þar sem lögð er áhersla á að efla hljóðkerfisvitund næstelstu barna Vesturbergs eða árgangs 2016.

Í ár er Vesturberg ekki hluti af Leikur að læra, ákveðið var að draga okkur út úr LAL og einblína á Hugarfrelsi sem innleitt var síðastliðinn vetur, vinna og þróa það verkefni.

Í takt við framtíðarsýn og menntastefnu Reykjanesbæjar eru aðal áhersluþættir Vesturbergs læsi og stærðfræði. Aðferðir Helgu Sigurjónsdóttur eru hafðar að leiðarljósi við innlögn bókstafa. Þegar stafur er lagður inn eru það börn í Pennahóp sem fyrst fá kynningu á bókstafnum á mánudegi. Bókstafurinn er hljóðaður og skrifaður, vettvangsferðir er farnar í leit af staf vikunnar og unnið með hann á skapandi hátt á ýmsa vegu. Heimastofur leikskólans fá svo Lubba í heimsókn þar sem hann kynnir staf vikunnar en auk þess eru endurnýjuð kynni af þeim bókstöfum sem lagðir hafa verið inn. Læsisþátturinn verður sífellt stærri og er í raun orðinn hluti af menningu leikskólans.

Stærðfræðin er einnig hluti af menningu leikskólans, en áhersla hefur verið á sýnileg tölutákn einnig eru einingakubbar aðgengilegir og góðir til undirstöðu í stærðfræði.

Með verkefnunum lðu og Hljómsveit er enn dýpra farið í þá þætti er koma að Aðalnámskrá og framtíðarsýn Reykjanesbæjar.

Bína bálreiða er einnig efni sem innleitt hefur verið innan veggja leikskólans og kemur Bína í heimsókn vikulega á heimastofur þar sem hún kennir boðskipti. Bína bálreiða er einstakt efni sem gaman er að vinna með fyrir nemendur og kennara skólans, sérstök áhersla er á Bínu á

haustmánuðum þegar nýir nemendur hefja nám sitt í Vesturbergi þar sem Bína er afar fær í að kenna góð boðskipti og fleira.

Pennahópur

Í Vesturbergi hefst undirbúningur fyrir grunnskólann strax eftir að sumarleyfi lýkur. Skólaárið 2020-2021 eru 17 börn í Pennahóp og er skipt í tvo hópa, kennarar eru fjórir og vinna með sama hópinn allan veturinn. Pennahópur starfar 4 daga vikunnar frá kl. 9.30 til kl. 14.00. Áhersla er á læsi og stærðfræði en ýmiskonar verkefni eru framkvæmd og fara ævintýrin fram bæði utan og innan leikskólans. Eftirfarandi eru meðal annars áherslur í Pennahóp:

Að börnin öðlist aukinn orðaforða og málskilningur aukist, geri æfingar með vinstri og hægri, æfi rím, æfi runur, þulur, orð, setningar, samstöfur og hlustunar- og athyglisleiki.

Að börnin viti nafn sitt, heimilisfang, símanúmer og afmælisdag.

Að börnin öðlist ákveðinn grunn í stærðfræðinámi; hugtök, tölur og talnagildi, form og liti, þörun og flokkun, mynstur, vigtun og mæling.

Að börnin geti unnið sjálfstætt en einnig í hóp.

Að börnin taki á móti fyrirmælum og fari eftir þeim.

Að börnin læri að bíða eftir aðstoð og að taka tillit til hvers annars.

Líkt og undanfarin ár er Pennahópur í ákveðnum verkefnum í vetur og fara hóparnir til skiptis í vettvangsferðir, stafainnlögn og stærðfræði/sköpun og heimsókn í bókasafn Reykjanesbæjar.

Heimaskóli Vesturbergs er Myllubakkaskóli. Elstu nemendur Vesturbergs heimsækja grunnskólann nokkrum sinnum yfir veturinn og fá að fylgjast með kennslustund, fara í íþróttatíma, skoða skólabygginguna og fleira. Bekkir úr Myllubakkaskóla koma einnig í heimsókn í Vesturberg þar sem eldri nemendur lesa fyrir börnin. Samstarf kennara á skólastigunum tveimur er gott og eru reglulegir samstarfsfundir leik- og grunnskólakennara. Einnig hafa eldri nemendur úr Myllubakkaskóla verið í námi hér í Vesturbergi í tengslum við valáfangann „unnið með börnum“. Við vonum þrátt fyrir heimsfaraldur að við náum að vinna saman eins og undanfarin ár, en slegið hefur verið af val áfangi hjá eldri bekkjum Myllubakkaskóla vegna smithættu.

Iðá

Iðá er aðferð þar sem ákveðin dýpkun verður á efnispáttum. Áhersla er lögð á læsi, stærðfræði, sköpun, vísindi, vettvangsferðir og hreyfingu. Kennarar eru á ákveðnum svæðum og dýpka sig í efnispáttum. Börnin fara um húsið og finna sér verkefni eftir áhuga. Iðá hefur reynst mjög vel og er komin til að vera í Vesturbergi en Iðá kom í stað hópasamveru og fellur mun betur að hugmyndafræði Vesturbergs.

Hugarfrelsi í Vesturbergi

Í Vesturbergi höfum við undanfarin misseri lagt aukna áherslu á heilbrigði og velferð starfsfólks. Þar höfum við einkum lagt upp með að heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Því var ákveðið að skipta út Leikur að læra fyrir Hugarfrelsi til leggja enn meiri áherslu á jafnvægi.

Með verkfærum frá Hugarfrelsi hefur vinnan við að róa börnin niður eftir til dæmis útiveru orðið mikið auðveldari, börnin eru mjög fljót að aðlagast aðferðum Hugarfrelsis og virðast njóta þess að vinna og ná ró á þennan veg.

Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja nemendur og starfsfólk stórum hluta dagsins í leikskólanum. Þess vegna þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Með tilkomu Hugarfrelsis inn í starfið í Vesturbergi opnuðust nýjar leiðir með áframhaldandi úrvinnslu á sjálfsstyrkingu, öndun, jóga, slökun og hugleiðslu með þátttöku barnanna í huga, fram að því höfðum við einskorðað okkur við starfsfólkið. Á vormánuðum 2020 var sótt um í Nýsköpunar- og þróunarsjóðs fræðsluskrifstofu til efla starfið enn frekar og fékk verkefnið *Jafnvægi og vellíðan* styrk að upphæð kr. 520.000. Áætlunin er að hanna, skapa verkefni þar sem foreldrar geta tekið þátt líkt og í LAL foreldraverkefni en á nótum Hugarfrelsis. Það er ekkí síst í ljósi þessa tíma að slökun, hugarró, jákvæð sjálfsmynd er afar mikilvæg og á sannarlega skilið að njóta sín.

Menning og hefðir

Í Vesturbergi eru fagnaðarfundir einu sinni í mánuði og er það fjölbreytt sem verður boðið upp á. Þeir dagar sem meðal annarra eru haldnir hátíðlegir eru Dagur íslenskrar tungu, jólahátíð, þorablót, bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Ömmum og öfum er boðið í heimsókn á vormánuðum og mömmum og pöbbum er boðið í bollukaffi í leikskólann. Á vormánuðum verður Listahátíð barna haldin með öllum leikskólum Reykjanesbæjar. Heimsókn í Vatnaskóg er orðin hefð í hóp elstu barnanna, þá er farin eins dags útskriftarferð þar sem ævintýri eru upplifuð í Vatnaskógi. Sumarhátíð er haldin með pompi og prakt í samstarfi við Foreldrafélag Vesturbergs. Við fögnum að sjálfsögðu öllum afmælum hér í Vesturbergi með því að búa til kórónu, setjast í afmælisstól og bjóða til veislu.

Mat, markmið og áherslur

Þar sem nemendur fara frjálst um húsið er nauðsynlegt að fylgjast með ferðum þeirra og tryggja að hver nemandi fari á öll svæði og njóti þess sem í boði er. Tvisvar yfir veturinn eru foreldraviðtöl og er farið yfir hvaða svæði nemendur velja. Það er kennaranna að tryggja að allir nemendur fari á öll svæði og tryggi að börnin fái þá námsþætti sem eru í boði samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Í vetur er áætlað að gera mat á ýmsum sviðum og verður líklega sú stærsta að endurnýja námskrá Vesturbergs, sem sannarlega stóð til að framkvæma á síðasta vetri en var ekki framkvæmt vegna heimsfaraldar. Starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins er svo áætluð á vormánuðum.

Ýmsar athuganir eru gerðar á börnunum, á vorin eru atferlisathuganir lagðar fyrir börnin sem farið er yfir í foreldraviðtölum. Hreyfiproskapróf er lagt fyrir á vorin fyrir næstelsta árganginn, ef þörf er talin. Mál og hljóðkerfisvitund er athuguð með HLIÓM-2 prófi, hjá elstu börnum leikskólans, í september og aftur í janúar ef þörf er á. Undanfarin ár hefur EFI-2, verið lögð fyrir sem er málþroskaskimun fyrir þriggja ára börn og er skimun á máltjáningu og málskilningi. Íslenski máhljóðamælirinn er einnig notaður ef grunur er um frávík.

Samstarf við foreldra og kynningar í leikskólanum

Í Vesturbergi eru foreldrar ætíð velkomnir. Í ágúst stóð til að hafa kynningarfund fyrir nýja foreldra en vegna ástandsins var honum frestað og jafnvel felldur niður. Heimasíða Vesturbergs er mikilvægur vettvangur upplýsinga, hún ber að geyma matseðla og allar upplýsingar um Vesturberg. Einnig eru lokaðir hópar á Facebook sem deildarstjórar stjórna. Foreldrafélag er starfandi í Vesturbergi. Samkvæmt lögum er foreldraráð starfandi og eru þrír foreldrar þar innanborðs. Karellen er kerfi sem bæði inniheldur app og ýmis verkfæri og nýtist bæði foreldrum og kennurum.

Börn og starfsfólk

Veturinn 2020-2021 verður ólíkur mörgum öðrum, þar ber hæst að nefna að þrír starfsmenn eru að hefja leikskólakennaranám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, einn deildarstjóri er komin í meistaranám við Háskólann á Bifröst, einn kennari er á öðru ári á leiksólakennarafræðum, einn kennari er í sálfræðinámi og einn í grunnskólakennarafræðum. Nám er vinsælt meðal kennara í Vesturbergi sem eflaust eflir skólann, nemendur og starfsfólk. Með auknum undirbúningstíma í nýjum kjarasamningi leikskólakennara og nemum þurfti að fjölga starfsfólki og eru stöðugildin nú komin í 26,82% og telur 28 starfsmenn sem vonast er til að leysi þessu nýju pósta sem eru nú í haust. Börnin telja 84 og er von um að fá inn síðar í haust árgang 2019. Hluti fagfólks er 32% þar eru ekki þeir starfsmenn inni sem eru í námi en 25% starfsmanna er í námi. Nú í haust hallar örlítið á stúlkur en drengir eru aðeins fleiri í nemendahópnum. Fjöldi barna sem þiggur sérkennslu eru níu talsins. Börn af erlendum uppruna þar sem báðir foreldrar eru erlend eru átta talsins en þau fá kennslu í íslensku.

Skipulagsdagar veturinn 2020-2021

31. ágúst –Skipulagsdagur

9. október -1/2 skipulagsdagur –lokað kl. 12.00

13. nóvember -1/2 skipulagsdagur –lokað kl. 12.00

29. janúar –Skipulagsdagur

19. mars –Skipulagsdagur


12. maí –Skipulagsdagur

14. maí –Skipulagsdagur

Að lokum

Starfið fer ljómandi vel af stað, með góðan starfsmannahóp virðast allir vegir færir og við í Vesturbergi erum til í þennan vetur. Hlökkum til að takast á við ný verkefni og iðka þau eldri sem við höfum trú á.

Í september 2020



Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri Vesturbergs.

Fyrir okkar leyti, í foreldraráði Vesturbergs, samþykkið starfsáætlun 2020-2021

Erla Þorsteinsdóttir Erla Þorsteinsdóttir

Halldóra Stefánsdóttir Halldóra Stefánsdóttir

Sólveig Hanna Brynjarsdóttir Sólveig Hanna Brynjarsdóttir

Leikskóladagatal 2020 - 2021

	AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBROAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ	JULÍ
1. L	1. H	1. F		1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. F	1. L	1. H	1. F
2. S	2. M	2. F		2. M	2. L	2. H	2. H	2. H	2. F	2. S	2. M	2. F
3. M	3. F	3. L		3. H	3. F	3. S	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. L
4. H	4. F	4. S		4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. S	4. H	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M		5. F	5. L	5. H	5. F	5. F	5. M	5. M	5. L	5. M
6. F	6. H	6. S		6. F	6. S	6. M	6. L	6. L	6. H	6. F	6. S	6. H
7. F	7. M	7. L		7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. M	7. M
8. L	8. H	8. F		8. S	8. H	8. F	8. M	8. M	8. F	8. L	8. H	8. F
9. S	9. M	9. F		9. M	9. L	9. H	9. H	9. H	9. F	9. S	9. M	9. F
10. M	10. F	10. L		10. H	10. F	10. S	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F	10. L
11. H	11. F	11. S		11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. S	11. H	11. F	11. S
12. M	12. L	12. M		12. F	12. L	12. H	12. F	12. F	12. M	12. M	12. L	12. M
13. F	13. S	13. H		13. F	13. S	13. M	13. L	13. L	13. H	13. F	13. S	13. H
14. F	14. M	14. L		14. M	14. F	14. S	14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. M
15. L	15. H	15. F		15. S	15. H	15. F	15. M	15. M	15. F	15. L	15. H	15. F
16. S	16. M	16. F		16. M	16. L	16. H	16. F	16. F	16. S	16. M	16. L	16. F
17. M	17. F	17. L		17. H	17. F	17. S	17. M	17. M	17. L	17. M	17. F	17. L
18. H	18. F	18. S		18. M	18. F	18. M	18. F	18. F	18. S	18. H	18. F	18. S
19. M	19. L	19. M		19. F	19. L	19. H	19. F	19. F	19. M	19. M	19. L	19. M
20. F	20. S	20. H		20. F	20. M	20. L	20. L	20. L	20. H	20. F	20. S	20. H
21. F	21. M	21. L		21. M	21. F	21. S	21. M	21. M	21. L	21. F	21. M	21. M
22. L	22. H	22. F		22. S	22. H	22. F	22. M	22. M	22. F	22. L	22. H	22. F
23. S	23. M	23. F		23. M	23. L	23. H	23. H	23. H	23. F	23. S	23. M	23. F
24. M	24. F	24. L		24. M	24. F	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F	24. L
25. H	25. F	25. S		25. M	25. F	25. M	25. F	25. F	25. S	25. H	25. F	25. S
26. M	26. L	26. M		26. F	26. L	26. H	26. F	26. F	26. M	26. M	26. L	26. M
27. F	27. S	27. H		27. F	27. M	27. L	27. L	27. L	27. H	27. F	27. S	27. H
28. F	28. M	28. L		28. M	28. F	28. S	28. M	28. M	28. F	28. L	28. M	28. M
29. L	29. H	29. F		29. S	29. H	29. F	29. M	29. M	29. F	29. L	29. H	29. F
30. S	30. M	30. F		30. M	30. L	30. H	30. M	30. M	30. L	30. S	30. M	30. F
31. M	31. F	31. L		31. M	31. F	31. S	31. M	31. M	31. L	31. M	31. F	31. L